



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 4. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Alþingi – P. J. Torfason – Þjóðarbanki Íslands – Slys á sjó –
Bjargráðanefnd – Sveinbjörn Egilsson – Dýrðarmálin – Jóhannes Ólafsson Hafþórsstöðum – Tollar –
Símmamál – Þórshöfn – Kópasker – Fánamálið – S. Briem – Fiskiþing – Sambandslögin – Július Hafstein –
Þingeyjarsýsla – Brennisteinsnámur – Þeystareikir – Reykjahlíð – Kröfla – Leirhnjúkur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-10, Örk 3

Allir eru sammála um það að seðlaútgáfan
sje svo Þýðingarmikil fyrir öll fjármál og
atvinnuvegi landsins að sjálfsagt sje að koma
henni svo fyrir að sem öruggast sje að henni
verði stjórnnað í smáu sem stóru eingöngu með
það fyrir augum hvað rjettast og heppilegast
sje fyrir þjóðarheildina í bráð og lengd, svo
útilokað sje, eptir því sem mannlega er
mögulegt, að stundarhagnaður einstakra manna
eða stofnana hafi áhrif á ákvarðanir um
seðlaútgáfuna.

Nú virðist því eigi vera mótmælt af neinum
að þessu takmarki verði best náð með því að
láta seðlaútgáfuna í hendur sjerstakrar
stofnunar, sjerstaks seðlabanka, sem ekki
hafi viðskifti við aðra en banka þá, sem í
landinu starfa, en reki ekki útlánsstarfsemi
til einstakra manna eða fyrirtækja. Þá muni
vera, svo sem unnt er eftir hlutarins eðli,
fyrir það girt að stjórnendur seðlabankans
lái hafa áhrif á ákvarðanir sínar um seðla-
útgáfuna t.d. hagmunir einstakra viðskifta-
mannna sinna, nauðsyn á að vinna upp með
óhollri seðlaútgáfu tap á viðskiftum, sem
seðlaútgáfunni eru óviðkomandi, samkeppni
við aðra banka o.s.frv.

En þó menn viðurkenni allt þetta rjett
vera þá telja þeir samt óráðlegt að fá
seðlaútgáfuna í hendur sjerstökum seðla-
Véga Press
banka að ef hann reki ekki útlánastarfsemi

til einstakra manna eða fjalaga þá muni hann ekki geta haft slík áhrif á fjármálastarfsemina í landinu sem seðlabankinn eigi að hafa. En þegar nánar er aðgætt virðist þessi mótbára eigi vera á nægilegum rökum byggð. Því hvað meina menn með "áhrifum á fjármálastarfsemina í landinu" sem þeir vilja láta seðlabankann hafa? Þegar þessi almennu orð eru krufin til mergjar ættu þessi umræddu áhrif seðlabankans að vera aðallega á þessum sviðum:

- 1) áhrif á útlána politik bankanna í landinu á hverjum tíma
- 2) áhrif á bankavextina, þaði inn- og útláns-vexti
- 3) áhrif á gengisráðstafanir, hvort íslenskur gjaldeyrir hækkar eða lækkar í verði eða stendur í stað gagnvart útlendum gjaldeyri.

Skal nú athugað um þessi mál að hve miklu leyti seðlabankinn stendur betur að vígi, ef hann rekur útlána-starfsemi við einstaka menn eða fjalög auk seðlalánaviðskiftanna við bankana.

Um 1. Seðlabankinn á eðlilega að geta haft áhrif á það hvort bankar landsins á hverjum tíma sem er eru örir í að lána fje. Telji seðlabankinn að öll aðstaða fjármála-lífsins sje þannig að fara verði varlega í útlán er rjett að seðlabankinn gjöri sitt til að þetta verði. En áhrifum sínum í þessu efni beitir hann með því að halda að sjer hendinni um seðlalán til bankanna og

hann hafi sjálfur fje til útlána þá getur
 hann ekki þarmeð útaf fyrir sig gjört frekara
 en að stöðva eigin útlán, en hann getur ekki
 með þeirri stöövum á eigin útlánnum dregið úr
því að aðrir bankar láni einsog þeim sýnist.
 Vopnið í þessu efni er því alis ekki útlána-
 starfsemi heldur seðlaútgáfa seðlabankans
 og hún ein, og eftir allri aöstöðu í þessum
 málum í hinu praktiska lífi þá geta bankarnir
 ekki daufheyrt við tilmælum seðlabankans
 um varfærni í útlánnum þegar stöövun seðla-
 lánanna er öoru megin.

Um 2. Um það hvaða vexti bankarnir hafa
 getur seðlabankinn heldur ekkert ráðið með
 því útaf fyrir sig að reka útlánastarfsemi.
 Oftast mun seðlabankinn vilja hafa áhrif
 á bankana í þátt að þeir lækki útlánsvexti.
 Með útlánastarfsemi getur hann gjört það eitt
 að lækka útlánsvexti hjá sjálfum sjer. En
 reynslan hjer á landi hefur synt að slikt
 þarf ekki að hafa áhrif á útlánsvexti annara
 banka. Því eftirspurn eftir lánsfje er svo
 margfalt meiri hjer á landi heldur en unnt er
 að fullnægja, þareð hjer er stöðug vöntun á
 lánsfje, enda eru atvinnuvegir þessa lands
 þess eðlis að atvinnurekendur horfa ekki í
 nokkurn vaxtamun, og þarf þó alls ekki að
 vera um hættuleg lán að ræða umfram venju
 hjer á landi. Útlánastarfsemi seðlabankans
 til einstakra manna og þeir vextir sem hann

kann að ákveða fyrir útlán sín getur því útaf fyrir sig alls ekki ráðið útlánsvöxtum hinna bankanna. En hjer kemur aftur að hinu sama. Seðlabankinn getur í þessu sem öðru beitt seðlaútgáfunni og gjört það beinlinis að skilyrði fyrir seðlalánum til bankanna að heir hagi vöxtum sínum svo sem seðlabankinn telur rjett, enda að sjálfsögðu ákveðið vexti af seðlalánum sínum til bankanna í samræmi við þær kröfur sem hann gjörir í þessu efni til þeirra.

Um 3. I gengismálinu er útlánapolitik bankanna einn meginþátturinn. Mikil útlán verka í þá átt að lækka íslensku krónuna í verði en takmörkun útlána styðja að hækjun hennar. Nú hefur verið sýnt fram á hjer að framan (um lið 1.) að það er seðlaútgáfan en ekki útlánastarfsemi seðlabanka sem getur ráðið útlánapolitik bankanna og þarmeð þessum meginþatti gengismálsins. En annars er það annað, sem mestu ræður um gengið, sjerstaklega hvernig atvinnuvegirmir ganga og verslunarjöfnuðurinn. Gengið getur ekki hækkað nema verslunarjöfnuðurinn gagnvart útlöndum sje hagstæður. En seðlabankinn getur með seðlaútgáfu ráðið því að gengi íslenskar krónu hækki ekki örar en atvinnuvegir landsins bala og komið í veg fyrir óheppilegar stundarsveiflur á genginu, og Þetta getur seðlabankinn alveg án þess að hafa nokkra útlánastarfsemi til annara en bankanna, þaði með því að Íána

bönkunum seðla til þess að kaupa upp erlendan gjaldeyri svo verð hans falli ekki þó mikil
frambod komi degar sjerstaklega stendur á, og með því að kaupa sjálfur gjaldeyri fyrir seðla. Fyrst og síðast er það því seðla-útgáfan sjálf sem skapar vald seðlabankans.

Reynslan hjer á landi sýnir þetta og sannar, sjerstaklega árið 1924. Þá lá við borð hattulega snögg hækkun íslensku krónunnar. En með seðlaútgáfu landstjórnainnar var bæði dregið úr hækjuninni og henni dreift á árið svo verulegum vandræðum fyrir at-vinnuvegina var forðað.

Hjer að framan hefur nú verið vikið að nokkrum höfuðatriðum í fjármálalífi landsins og sýnt fram á að seðlabankinn hafi þar allt það vald sem unnt er eftir eðli málanna þó hann hafi eigi neina útlánastarfsemi til einstakra manna eða fjalaga og láni aðeins bönkunum. Same mun koma fram hvaða hlið fjármálalífsins sem tekin er til athugunar í þessu efni, en þarmeð er þá fallin niður þessi eina mótbára gegn sjerstakri seðla-stofnun sem frambærileg hefur bött gegn himum miklu yfirburðum sem allir hafa örðið að viourkenna að slík stofnun hefði fram yfir það að seðlaútgáfan væri falin Landsbankanum með öllum þeim göllum er því mundu fylgja fyrir fjármálalíf landsins og vikið er að hjer annarstaðar.

Mjær er kunnugt um, að á suðurlandsundir-lendinu eru jarðlög mynduð af jökulám, er hafa að geima sve mikið af áburðarefnum, að vinsla þeirra til útflutnings getur bergað sig,-bar sem jafn ódyrt framleiðsluafli og forsafl Suðurlandsins er við hendina .

Vinsla úr jarðlögum þessum gæti eréo hyrningar-stein, þeði undir járnbraut þeirri hinni fyrirkuguð, undir millilandaferömm íslenskum, undir aukiðni landbúnað-arframleiðslu, eg hvað vinslu til útflutnings snertir, skapað Íslandi fastann tekjustefn,- ef sjávar eg landbúnað-arafurðir breggðast.- Og hún gæti kemið forsaflinu á stað í þjómustu Íslands .

Jeg leifi mjær að sækja um að h. h. Alþingi skipi nefnd,- er í samvinnu við mig búi út og leggi fyrir h. h. þing tillögur um það, með hvaða rjukki skilyrðum mjær mætti veitast rjettur til stefnunar innlends félags, er um 30 ára bil hefði einkarjett til sliðrar vinslu hjér á landi .

Reykjavík, þ. 23. 7. 1913

Virðingarfyllst

S. J. Þorðarson.

Til

A L P I N G I S I S L A N D S .

Prentað sem handrit.

Leyndarmál.

Ófugjastal með evindli manna. D. 17^o August 1912.
S. J. Þórharsen.

ÞJÓÐBANKI ÍSLANDS.

Inngangur.

Veltiár til lands og sjávar eru undangengin.

Landssjóður tómur.

Svo tómur, að laun vinnumannanna hans — embættismannanna — standa í stað þar sem aðrar atvinnugreinir Íslands hafa margfaldað laun manna sinna. Svo tómur — að löggjafar og ráðherraefni, sem þó lifa á því að hneyxla ekki smælingja og andlega volaða meðfélaga, þ. e. lifa af lýðhylli og atkvæðum, grípa nú til örprifaráða, gera uppreisn, tala um nýja tolla, nýja skatta, nýjar álögur, Kolamónópól, ætla jafnvel að taka osgróða af dönsku — af dönsku — olíufélagi — fara með allskonar nýtt púður og tundurefnii.

Þetta er nú ekki svo hættulegt. Það er að mestu orð eintóm.

Veltiár til lands og sjávar.

Bankarnir tómir.

Svo tómir, að svo litið af peningaverzlin þjóðfélags okkar, sem á okkar höndum var, fjarar burtu. Dað og dugnaður einstaklinga, þingsins og stjórnarinnar til verklegra framkvæmda, er lamað. Svo tómir, að bankastjórnendur, landsstjórnendur og aðrir fjármálagoðar mannfélagsins, sem þó lifa á því, að aðrir trúi á fjármálaspeki þeirra og áreiðanleika fjárfstofnaná þeirra, rifa hlífðarlaust fikjublöðin hverir af öðrum, svo að hneyxlin standa ber.

Þetta er hættulegra.

Því fylgir sultur og honum getur fylgt hnifaréttur.

Veltiár.

Buddur framleiðenda mannfélagsins, þ. e. hinna vinnandi manna, tómar. Svo gapandi tómar, að engin von er til þess að „leiðtogum“ og spámönnum okkar, takist framvegis að telja mönnum þeim, er ekki ósjaldan framleiða 100 til 500 króna virði með dagvinnu sinni (fiski-

manna á trawlurum) eða útgerðamönnum okkar, er reka atvinnugreinar, er gefa 40% í árs-hag o. s. frv. trú um, að þeir með eyðslusemi sinni og býlifi (þeir lifa venjulega svo hörðu lífi, og gersneyddu lifsnautnum, að úrhrök annara mannfélaga lifa hefðarliði i samanburði við þá) hafi sóað því, er i buddum þeirra ætti að vera. Svo ósvifð og ranglátt tæmdar, að enginn vegur er til þess, að dylja sjálfa sig og almenning þess, að efnahagsleg og pólitisk tilveruskilyrði þeirra manna, er Ísland byggja eru glötuð, ef lengra er haldið eftir þeirri braut, er leiðtoga og ábyrgðarmenn mannfélags okkar, hafa farið með okkur hin síðstu árin.

Þetta er alvarlegt mjög.

Af því leiðir Ameríkuferðir — eða skamm-byssuskot — og það getur orðið banvaent.

Ástandið þannig, að hið pólitiska „Grin“ — o. fl. skírapaleikir, geta áður menn varir orðið alvörugesinn sorgarleikur — ef hér nú ekki finnast þroskaðir menn, sem á sjálfs síns ábyrgð, og með fullri meðvitund um, að hvorki Danir, né neinn annar en við sjálfrir, eignum að ráða fram úr ástandinu og bera ábyrgð á framkvæmdum okkar. Ef ekki finnast hér menn, sem þora að stiga fullorðinna manna spor. Í öllum þjóðfélögum og á öllum tímum hefir slikt ástand komið fyrir, svo að fordæmi eru nóg. En þótt engin dæmi væru fyrir hendi þarf samt að stiga sporin.

Nú þegar þarf að stofna til fjárhagslegrar þjóðfélagssamvinnu. Samvinnu, sem viðskiftavinir í öðrum þjóðfélögum geta skilið; borið traust til og virt.

Stofna fjárhagsfyrirkomulag, sem sannar öllum, að við treystum sjálfum okkur, og ætlum framvegis sjálfrir að ráðstafa gæðum lands okkar.

Úr Landsbankanum þarf að stofna „Íjóð-banka Íslands“, er með undir deildum sinum

- Veðbankadeild (landbúnaður)
- Verzlunarbankadeild (verzlun)
- Sjávarútvegs og Siglingarb.d.
- Iðnaðar- og mannvirkjadeild o. s. frv.

sé þannig settur, að hann fjárhagslega ráði lögum og lofum þjóðfélags okkar f. u. s.

Samtimis þurfum við að setja á stofn „Kredit & tollupplag“ Íslands í Rvík og taka að okkur svo mikla vörufutninga Íslands, að við höfum fult atkvæði um, hvert sé haganlegast fyrir okkur að beina vörufutningum okkar og hvaða verð sé tekið fyrir þá. — Um þetta síðasta atriði kem ég jafnframt með sérstaka tillögu.

Þjóðbankinn sé stofnaður og honum aflað fjár og trausts á þann hátt sem hér segir:

1. Með lögum sé lögð bankakvöð (Bankhævtelse) á allar fasteignir Íslands er nem $\frac{1}{2}\%$ ársvoxtum af virðingarverði þeirra á hvaða tíma sem er.

Kvöðin hvíli á eignunum fyrir framan allar kröfur og kvaðir og sé skattur, er fallið geti á eignirnar og sem geti numið hæst 50 aurum af hverju hundrað króna virði af virðingarverði þeirra, — eða það brot úr 50 aurum er á kynni að vanta — til þess að bankinn og landið standi í fullum skilum við lánardrottna.

Kvöð pessi, kapitaliseruð með 25 (þ. e. 4%), sé afhent bankanum til eignar í veðbréfsformi. Veðbréf það, sem ég áætla að nú nemi 4—5 mill. króna upphæð, sé undirritað af stjórn landsins og afhent bankanum sem fastur varasjóður hans. Í byrjun sé kvöð pessi lögð á eftir skatta og fasteignaskýrslum, sem fyrir hendi eru. Hún sé metin um 10. hvert ár, eftir skýrslum, er að tilhlutun bankastjórnar séu gefnar stjórn (og þingi?) af sýslunefndum og bæjarstjórnum.

Sem fullnaðarborgun fyrir kvöð þessa fái fasteignaeigendur Íslands:

- Eitt atkvæði á aðalfundum bankans fyrir hver 800 kr. full af virðingarverði eigna þeirra.
- Forgöngurétt til veðlana í veðdeild bankans með betri kjörum en aðrir fá ($\frac{1}{8}\%$? = virði ca. 8 mill. á næstu 50 árum).
- $\frac{1}{10}$ af árshag bankans, er útbýttist til fasteigenda pro rata eftir virðingarverði því, er lagt er til grundvallar bankakvaðarinnar (að 10 árum liðnum minst 240,000 á ári eða 6 mill. kr. virði).

2. Ennfremur sé með lögum bankakvöð lögð á sveita- bæjarstjórn- og (sýslufélög?) Íslands er nem $\frac{1}{10}$ af „ársbuðgetti“ þeirra. Og standi það sem veð fyrir því, að bankinn standi í skilum. Kvöð pessi er hvíli á fyrir framan allar kröfur eða kvaðir kapitaliseruð með 25 (4%) giska ég að nemi um 3—4 mill. króna. Hún afhendist bankanum í obligationsformi undirritað af landsstjórn — sem fastur varasjóður hans. Í byrjun sé kvöð pessi metin eftir skýrslum sem fyrir hendi eru. Siðan sé mat hennar endurnýjað 10. hvert ár eftir skýrslum, sem að tilhlutun bankastjórnar sé gefin stjórn landsins af sýslu-, bæja- og sveitafélögum.

Sem fullnaðarborgum fyrir kvöð þessi fái bæja- sveita- og (sýslufélög)

- Eitt atkvæði á aðalfundum bankans fyrir

- hverjar 40 krónur er árbuðgett þeirra nemur og lagt er til grundvallar fyrir kvöðinni.
- Forgöngurétt til komunallána með betri kjörum ($\frac{1}{8}\%$) en almennt eða ca. 4—5 mill. kr. virði á næstu 50 árum.
 - $\frac{1}{10}$ af árshag bankans er skiftist hlutfallslega milli þeirra eftir upphæð þeirri er lögð er til grundvallar fyrir kvöðinni eða ca. 240,000 kr. á ári minnst, að 10 árum liðnum eða ca. 6 mill. kr. virði.

3. Með lögum sé stjórn Íslands falið að gefa út og afhenda bankanum til eignar sem fastur varasjóður hans 4% óuppségjanlegt skuldabréf. Það sé að upphæð jafnmikils virði og báðar framanskráðar kvaðir til samans. Vextir af því séu því aðeins greiddir, að bankinn eigi geti staðið í skilum. Þeir (vextirnir ef til greiðslu kæmi) séu tryggðir með veði i öllum tekjum landssjóðs. Upphæð skuldabréf. Þessa áætla ég 6—8 mill. króna.

Sem fullnaðarborgun fyrir ábyrgð þessa fái Landssjóður:

- $\frac{2}{10}$ af ártekjum bankans. = Að 10 árum liðnum ca. $\frac{1}{2}$ mill. á ári eða 12 mill. kr. virði.
- 2 menn kosnir af Alþingi og 1 maður skipaður af Landsstjórn hafi til samans eitt atkvá aðalfundum bankans fyrir hverjar 100 kr. er upphæð skuldabréfsins nemur.
- Forgöngurétt til Landssjóðslána (fyrir öllum öðrum og betri kjör en allir aðrir) $\frac{1}{8}\%$ til $\frac{1}{4}\%$ ca. 16 mill. kr. virði á næstu 50 árum liðnum).

4. Þjóðbankinn yfirtekur réttindi og skyldur Activaer og Passivaer Landsbankans eftir mati 5 manna nefndar. Kýs alþingi 2 þeirra, stjórn Þjóðbankans 2. En stjórnarráð Íslands 1 þeirra.

Sem fullnaðarborgun fyrir matsverð Landsbankans fái Landssjóður

- Atkvæði á aðalfundi eins og 3. b.
- 2% ársversti af matsverðinu (= 20 til 30,000 kr. á ári).

Forgönguréttur Landssjóðs og Kommuna til ódýrra lána bindist því skilyrði, að Bankinn fái að keppa um öll slik lán, er hann getur veitt með jafngóðum kjörum og aðrir bjóða þau.

5. Með nýjum Sparisjóðslögum taki landsjóður að sér alla sparisjóðsvetu Íslands, stofni póstsparisjóði á öllum póststöðvum og feli þjóðbankanum gegn ákvæðnu gjaldi — og eftir sér-

stakri reglugerð alla framkvæmd fyrir Landsjóðs hönd í því efni.

6. Vegna seðilréttar Íslands banka o. fl. sé stjórn þjóðbankans (Stofnstjórn) veitt heimild til þess að leita samninga við hlutabréfseigendur Ísl. banka um að kaupa hl;bréf þeirra og að yfirtaka réttindi hans og skyldur — Activa og passiva — aðallega á þeim grundvelli:

Hlutabréf I.b. (fult innborguð og laus af öllum kvöðum) séu að fullu borguð með því:

- Að skifta á þeim að jöfnu (al pari) við 4% Preferancehlutabréf Þjóðb. (3 mill. kr.).
- Að handhafar þessara hlutabréfa hafi forkaupsrétt að næstu 3 mill. kr. i 4% Preferancehlutabréfum, er þjóðbankinn eftir þörfum gefur út. (4% Preferance greiðist næst eftir að gjöld þb. eru greidd, en á undan lagningu i viðlagasjóði).
- Að þeir fái þangað til næstu 3 mill. kr. — og síðar ásamt þeim $\frac{2}{10}$ af árshag bankans, sem hag af hlutabréfum sínum (og eignist tiltölulegan hluta i varasjóðum hans Til samans að meðtoldum 4% Pref., minst 240,000 kr. virði á ári eða 6—7 mill. kr. virði að nokkrum árum liðnum).
- Hafi 1 atkvæði fyrir hverjar 100 kr. hlutafjár á aðalfundum bankans.
- Seðilútgáfuréttur þjóðbankans, sé aðeins takmarkaður af seðilþörf og málmsorðaeign Íslands. Prír fjórðu málmsorða mega vera innieign i viðskifta (þjóð)bönkum erlendum. Helmingur hérverandi málmsorða má vera í seðlum þeirra þjóðbanka erlendra, er þjóðb.stjórnin hefir samið við.

7. Séu samningar við I.b. eigi fullgerðir 6 mánuðum eftir að Alþ. hefir gefið heimild til þeirra og I.b. ásamt seðilrétti hans yfirtekinn af þjóðb. þá

gefur þjóðbankinn út og selur eftir ákvörðun þjóðbankastjórnar alt að 6 mill. kr. Preferance hlutabréf og býður þau:

- Íslenzkum sjóðum, Landssjóði og stofnunum al pari og mega $\frac{3}{4}$ borgunar þeirra vera í $4\frac{1}{2}\%$ skuldabréfum með veði i tekjum. Hitt í terminborgunum eftir ákvæðum bankastjórnar.
- Hér búsettum mönnum — al pari — og má borgun að $\frac{3}{4}$ vera 5% veð i isl. fasteignum innan $\frac{3}{4}$ virðingarverðs þeirra. Hitt í terminborgunum eftir ákvæðum þjóðbankastjórnar.

- c. Hverjum er hafa vill á 105 og má borgun erlendra viðskifta (þjóðb.) banka vera í inni-eða seðlum og víxlum þeirra eftir ákvörðun bankastjórnar.
8. a. Stjórn þjóðb. Íslands ákveður hina opinberu hæð forvaxta (disconto) hér á landi.
 b. Hún ákveður hina opinberu hæð vaxta.
 c. Hún ákveður hið opinbera gangverð allra verðbréfa, nema öðruvisi sé fyrir mælt með lögum.
 d. Þar sem hvorki stjórnir sjóða og heldur ekki einstakir menn alment hafa tök á að rannsaka annað verðmæti en islenzkt — þá er verzlun með önnur verðbréf en þau, er stjórn þjóðb. hefir sett gangverð á og þannig heimilað verzlun með þau, bönnuð, nema öðruvis verði fyrirmælt með lögum.
 e. Þar sem hér á landi engin verðbréf geta notið meira trausts en verðbréf þjóðb. Íslands — þá skal öllum sjóðum, stofnunum, félögum eða einstökum mönnum, er reka atvinnu hér og eigi hafa islenzkar fasteignir í eigu sinni — skyldt að hafa varasjóði, er nemi minst 5% af reksturfé og stofnfé er notað er til reksturs hér á landi í verðbréfum Þjóðb. Íslands geymd hjá honum eða eftir tilvísun hans í erlendum bönkum. Gildir þetta sérstaklega ábyrgðarfélög, samgöngufélög, telegraffélög, bankastofnanir, verzlunafélög, útgerðarfélög og aðra atvinnurekendur er njóta isl. lagaverndar og trausts og samvinnu isl. manna. — Þetta að mati stjórnar þjóðb. — Brot?
- f. Allar ávisanir, tékkar og víxlar svo og vaxtamiðar og önnur verðbréf er þjóðb. hefir gefið út eða samþykkt, sömuleiðis peningaseðlar erlendir, er hann hefir auglýst að hann innleysi, eru með nafnverði eða hinu auglýsta innlausnarverði fullur gjaldeyrir til lúkningar öllum kröfum á Íslandi.
- g. Alþ. felur þjóðb. Isl. allar innheimtur og út-útborganir Landsjóðs hér á landi og erlendis. Hann sé sjálfkjörinn milligöngumaður milli stjórnar og þings Íslands og útlanda í öllum fjármálum. Hann sér um myntun og útþýtingar málmyntar í landinu. Náist eigi samningur við Í. b. sér þjóðb. Isl. fyrir Íslands hönd um að Isl. b. uppfylli skyldur sinur sérstaklega viðvikjandi málmsforðaákvæðum og að seðilutgáfa sé nægileg.

Yfir höfuð veiti Ísland þjóðbanka sinum

öll réttindi er nægi til þess, að hann hér á landi geti staðist alla samkeppni.

9. Hinir síðstu $\frac{2}{10}$ af árshag bankans ganga fyrst um sinn til aukningar varasjóðum hans, — þangað til þeir hafa náð upphæð er reglug. ákveður. Síðan falla þau til Landsjóðs sem borgun fyrir réttindi, þó með því ákvæði, að þeim sérstaklega sé varið til eflingar varasjóða til styrktar lánstrausti Íslands t. d. stofnunar innlendra ábyrgðarfélaga o. s. frv.

10. Þjóðb. Íslands verður þá eign
1. að $\frac{1}{10}$. Ísl. fasteignareiganda er leigja honum varasjóð 3—4 mill. og fá fyrir það beint að fáum árum liðnum minst 240,000 kr. á ári, um 6 mill. kr. (ódyrt lán).
 2. að $\frac{1}{10}$. Ísl. sveita og bæjastjórnar er leggja honum varasjóð 3—4 — Fá að fám árum liðnum 240,000 kr. virði á ári, um 4 mill. (ódyrt lán).
 3. $\frac{2}{10}$. Landsjóðs Íslands, er leggur honum varasjóð 6—6 m. $\frac{2}{10}$ sbr. 4 Landsjóðs (Landsb.) 1—1½ —
 5. 6. $\frac{2}{10}$. Landsjóð
 7. 8. Íslands fyrir réttindi minst . . . 6—8 —
 4. $\frac{2}{10}$. Sameign Landsjóðs og þjóðb. 13—15½ — Fær að fáum árum liðnum frá 840,000 kr. til 1¼ mill. kr. tekjur á ári.
 5. $\frac{2}{10}$. Almennra hluthafa er leggja honum hlutafé . . . 3—6 — Fá að meðt. Preference minst 240,000 kr. tekjur á ári að nokkrum árum liðnum. Verðmæti varasjóða og starfsfjár 22—29½ —

Þar sem tryggingar þessar aukast að verðmæti, að sama skapi og framleiðsluafli og verðmæti Íslands eykst, hefir bankinn með þessu fyrirkomulagi nægt traust til þess á næstu árum að margfalda verðmæti Islands — hafa nægt gullverð með höndum til þess, án afarkosta, bæði að annast peningahringferð landsins (þ. e. nú ca 1 mill. til tryggingar 5 mill. seðla tékka, og víxla) og margfalda framleiðsluafli þess og viðskiftaveltu.

Og — það verður máske mergur málsgagnvart sumum löggjöfum vorum, — með því að bankinn tekur að sér stjórn og rekstur fjárhags og peningaverzlunar Íslands, sem nú er að mestu í erlendum höndum eða hvergi — eykur hann tekjur Landsjóðs beint og óbeint — svo mikil og það á næstu árum, að fyrirsjáanlegt er, að tekjuvöntun sú, er nú veldur mestum áhyggjum, — hverfur án þess nokkur skattur eða tollur sé lagður á nokkurna isl. borgara.

11. Stjórn þjóðb. Íslands er 12 manna fulltrúaráð.

Skipa í það á aðalfundi (pingár hvert):

1. Fasteignaeigendur (fulltrúar úr sýslu hverri)	1.
2. Sveita og Bæjarstjórnir (fulltrúar úr sýslu- og Bæjarstjórn)	1.
3. Hluthafar	2.
4. Alpingi	3.
Auk þess:	
5. Kaupmannafél. Rvikur (f. h. isl. verzluunar)	1.
6. Búnaðarfélagsstjórn Íslands	1.
7. Fiskifél. Íslands	1.
	10.

Ennfremur séu:

Æðsti embm. Islands = Ráðherra forseti og Borgarstjóri Rvikur varaforseti, báðir án atkvæða 2.
12.

Fulltrúaráð þetta úrskurðar með atkvæðaafli öll málefni bankans (jöfn atkvæði fella frumvarp) nema það hafi ákvarðað, að úrskurður heyrði undir framkvæmdarstjóra bankans eða deilda hans — eða málefniu sé skipað með lögum — reglugerð bankans — eða kvalificeruð majoríteti aðalfundar samkvæmt reglugerð hans.

Pað fái öll Löggjafarmálefni, er bankann snerta eða fjárhag landsins, sem stjórn eða privatmenn leggja fyrir þingið — til umsagnar, aður en þau koma til umræðu í þinginu.

Til þess að stofna bankann p. e. á framskráðum grundvelli eða eftir fyrirmælum Alþingis — að semja lagafrumvarp um stofnun hans, er leggist fyrir þingið; — að semja frumfrumvarp til reglugerðar hans, — er leggist fyrir 1. aðalfund og síðan fyrir alþingi til staðfestingar og til þess að skipa millibilsfulltrúaráð, þangað til 1. reglulegur aðalfundur hefir kosið fulltrúaráð o. s. frv., skipi

(Nd. Alþ. 2.; e. d. 1) fyrir hönd Alþ. =	3.
— — 1.; f. h. isl. fasteigna og Stjórnarráðið 1. fyrir hönd Sv. og Bæjarfél.	2.
Fyrir hönd alþ. bjóði	
Stjórnarráð Búnaðarfél. Ísl. að nefna 1.	
Fiskifél. — — — 1.	
Kaupmannafél. Rvikur . 1. 3.	
Ráðherra sé forseti og Borgarstjóri Rvikur varaforseti 2.	
Landsb. og Íslandsb. nefna sinn hvor . 2.	
	12.

Deildir. Samtímis þjóðb. Íslands séu deildir hans þær er hér segir stofnaðar:

I. Veðbankadeild þjóðb. Ísl.

Stjórn: kosin af fulltrúum þjóðb.

— — hluthöfum

— — lántakendum.

Búnaðarfélag Islands velur forseta.

? ? ? varaforseta.

báða án atkvæða.

Stofnsjóðir:

a. Ábyrgðarbréf þjóðb. Ísl.	3. mill.
b. Hluttaka. Sjávarútvegs- sigld. þjóðb.	
Verzlunard. og iðnaðardeildar	3. —
c. Privathluttaka og sjóða	1. —
	7. mill.

Til innlausnar á eldri óhentugum veðdeildar og landsjóðs-lánum ca 7 mill. kr. og til útláns næstu ára . — 8 — — Gefi i byrjun veðbd. út . . — 15 — —

i I. fl. Veðbankabréfum Vbd. þjóðbankans 4% ársvextir, óuppsegjanleg frá kreditora hálfu. Innleyst að 99 árum liðnum með 137,5 (1/4 %). (Seljist sem 4% þjóðrenta?) Ef ekki fæst kaupandi strax á 100 kr. pr. 100. Setjist sem trygging fyrir láni, þangað til viðlagasjóðir eru svo vaxnir að 100 til 103 kr. fáist fyrir 100 kr. ákvæðisverð.

Bréf þessi (eða þjóðrenta?) tryggjast með 1.a. 4½ % Pantaobligationum með 1. veði í islenzkum jarðeignum og húsum er þeim fylgja innan 80 % af virðingarverði.

3. mill. Afborgast með 1/4 % á 72 árum Virðingar verðhækkan á timabilinu 3,6 — 4.

1.b. 4½ % komunal og opinber lán. Tryggingar í opinb. tekjum og eignum innan 50 % af árstekjum.

3. mill. Afborgun m.nst 1/4 % á 72 árum 6 12. Flyt: 8 0.

Flutt: 8 0.

1.c. $4\frac{1}{2}\%$ Pantaobligationum með 1. veði i Stein og steinsteypuhús- um i Reykjavík og kaupstöðum innan 75% virðingarverðs. (Afb. $\frac{3}{8}\%$)	
3. mill. (Grunnverðhækjun og fyrning mælist)	4 0.
1.d. $4\frac{1}{2}\%$ Pantobligationum i öðrum húsum, grunnum, mannvirkjum í Reykjavík og út um land innan 50% af virðingarverði. (Afb.	
6. mill. $\frac{1}{2}\%$	<u>12— 0.</u>
— 15 mill. kr. $4\frac{1}{2}\%$ Pantaobligationir 25,6—16. trygðar í 25,6 mill. króna virði i ísl. Fasteign- um ($\frac{4}{5}$) og Communal og opinberu veði, er úr 25 mill. hækkar upp í 40 mill kr. á flokks- timabilinu.	
Að auki er flokkur þessi trygður með	
a. afborganasjóði flokksins, er að meðaltali með $\frac{1}{4}\%$ afborgun (i raun og verða af- borganir hærri) ($\frac{1}{4}\%$ afborgun af 15 mill. kr. á 99 árum verða $\frac{11}{8}$ kapitalsins í 2, verður ca: 2 10 mill.	
b. Varasjóði flokksins, sömuleiðis $\frac{1}{4}\%$ árlega (:2) 10 —	
c. Samábyrgðarsjóði lántakanda 2% af öllum lánum . . kr. 300,000	
d. Hlutdeild i stofnsjóði veðbankans 5% af 15 mill. — 750,000	
e. Hlutdeild i Tryggingar- sjóði Hluteiganda 3% af 15 mill. — 450,000	
Kr. 1,500,000	

er með $4\frac{1}{4}\%$ vöxtum og vaxta-
vöxtum í 99 ár að meðaltali, er
virði 15 —
Í sjóðum flokksins . . . kr. 35 mill.
Í Ísl. fasteignum . . . — 25 —
Til samans — 60 mill.
sérstaklega lagt út sem trygging flokksins
auk þess bakabyrgð í sjóðum þjóðbankans,
25 mill. sem aftur eru trygðir í fasteignum
Islands 60 m.? og árs framleiðslu þess.

II. Sjávarútvegs- og siglingadeild þjóðb. Íslands.

Stjórn skipuð af
þjóðbanka Íslands, Veðbd. þjóðb., Verzlunard.,
lónaðar- og mannvirkjadeild, Almennum hlut-
höfum, Fiskifél. Íslands.

10

Fiskifél. Íslands velur forseta. Varaforseta?

Ekki atkv.

Stofnfé.

1. Varasjóður þjóðb. Íslands 3. mill.
2. — skift hlutum — al pari
eða $4\frac{1}{2}\%$ Víxilobligationum eða
tryggingum við aðrar deildir þjóð-
bankans 3. —
3. *Alm. hluttaka.*
Alt að 1 mill. kr. bjóðist sveita-
og bæjafélögum gegn 5% ($4\frac{1}{2}\%$
%), einföldu ábyrgðarskýrteini (5
% innb.) 1. —
Islenzkum borgurum gegn 80%
í 5% sjálfskuldar- eða öðrum bréf-
um, er bankastjórn alitur trygg,
20% í árvixil oblig. eða pening-
um 1. —
Útlendum viðskiftavinum gegn inn-
borgun í peningum á 105 (eða inni-
eign í útl. bönkum) 2 —
10 mill.

Bankadeild þessi gefur út 5% veðdeilda-
bréf óuppsegjanleg frá eiganda þeirra hálfu.
En bankad, leysir þau inn með gangverði nær
sem vera skal og hefir heimild til að draga út
og innleysa af þeim á $102\frac{1}{2}$ ($\frac{1}{2}$ árs vesti) alt að
20% á ári af því sem er í hringferð. Af
þeim má ekki setja meiri upphæð í hringferð
en svo, að eign deildarinnar í eftirf. verðbréf-
um og sjóðir hennar til samans nemni tvöfaldri
upphæð bréfanna.

Útvegs- og sigld. þjóðb. veitir lán gegn

1. Handveði í 1. veðréttarbréfum $5\frac{1}{2}\%$ með
veði i skipum og útbúnaði þeirra alt að 90
% af vátryggingarupphæð viðurkendra ábyrgð-
arfélaga.
2. Handveði í hlutabréfum félaga, er reglugerð
hafa sem stjórnardeild samþykkir og stjórn og
reikningsfærslu er stjórn deildar tekur gilda
alt að (70%) af nafnverði þeirra.
3. Handveði í allskonar verðbréfum er stjórn
deildarinnar tekur gild og séu þegar þau eru
lögd í veðgeymslu deildarinnar, að mati
hennar 20% meira virði en það, sem út á
þau er lánuð.
4. Handveði í eignar, flutnings og vátrygging-
arskýrteinum kola, salts, veiðarfæra, afla og
veiðiáhalda alt að 70% af söluverði þeirra
eftir mati Deildarstjórnar.
5. Undan eru skilin bréf þjóðb. og hinna anna-
ra deilda, er aðeins standa fyrir stuttum
um lánum og ætið fyrir ákvæðisverð.

Lánunum sé eftir atvikum hagað þannig að 1 nemi $\frac{5}{10}$, $2\frac{2}{10}$, $3\frac{1}{10}$, $4\frac{2}{10}$ af útlánum eða því sem næst.

III. Verzlunarbankadeild þjóðb. Íslands.

Stjórn skipi þjóðbanki Íslands, aðrar deildir þjóðb., almennir hluthafar. Kaupmannafélag Rvikur velur forseta (og varaforseta?), án atkvæða.

Stofnfé.

I. Varasjóður þjóðb. Isl.	3 mill.
II. Hlutdeild annara deilda þjóðb.	3 —
III. Almennir hluthafar svipuð kjör og Vbd. heimild til útgáfu og sölu á alt að	4 —
	Kr. 10 mill.

Verzlunarardeild

kaupir og selur vixla, tékka, kreditv. og alskonar verðbréf er að verzlun lúta. Selur og skiftist á lánstrauti og framkvæmir öll bankastörf, er að verzlun lúta.

Skyldi á einhverjum tima árs (t. d. á tímabilinu apríl—ágúst) það gullverð eigi nægja er þjóðb. ræður yfir og innkomið hefir fyrir sölu erlendis á Vb,bréfum (Bonds) hinna deildanna — þá setji Verzlunarbd. með aðstoð þeirra banka erlendra, er mest verzlunarviðskifti hafa við Ísland — eða þeirra annara stórbanka er bezt kjör bjóða — og með þjóðb. Íslands sem „endorsent“ vixilupphæð þá er þarf í hringferð erlendis.

Pó mega vixilupphæðir þær er þannig eru í hringferð — aldrei nema meiri upphæð en svo, að skuldlaus verðbréfseign deildarinna + varasjóðum og stofnfé sé tvöfalt meira virði?

III. Iðnaðar- og mannvirkjadeild þjóðb. Íslands.

Stjórn skipi:

a. Þjóðb. Íslands, b. Veðd. pb. Isl., c. Sjávarútveg- og siglingad., d. Verzlunard., e. Alm. hluthafar.

Forseta velur (?) Varaforseta Iðnarfélag Rvikur, án atkv.

Stofnfé:

Varasjóður þjóðb. Isl. 3 m.
Prjár deildir — — — — — 3 —

Almennir hluthafar ? 2 —

Alm. hlutir bjóðist fyrst sýslu- bæjar- og sveitafél.

gegn 90 % óuppsegjanlegri 5 % ábyrgð þeirra.
— 10 % uppsegjanl. eftir ákvæðum deildarstjóra, síðan:

isl. borgurum (eigendum réttinda er undirstaða eru stóriðnaðar — hafnir, fossar, námur, áveitu-

mýrar o. s. frv. gegn 80 % sjálfskuldarábyrgðum á 5% eða tryggingum í eignum, er deildin sérstaklega er stofnuð til þess að gera að verðmæti) — og 20 % er innborgist nær sem deildarstjórn krefst — alt að mati eftir ráðslöfun deildarstjórnar.

Síðan hverjum er hafa vill á (110?).

Innb. i gullverði. (Inneign í erl. þjóðbönkum).

- Iðnaðar- og mannvirkjadeild lánar fé gegn 1. handveði i 5 % 1. veðréttarbréfum, trygðum í verksmiðjum svo sem skipsbyggings, skipsviðgerðar — tóvinnu-, niðursuðu-, frysti-, ís-, reykingja-, verkstæðum handiðnarmanna-, mótorbáta og mótorsmiðju og yfir höfuð í alskonar iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjum og áhöldum, vélum og byrgðum, er þeim fylgja og vátrygð eru í viðurkendum félögum, alt eftir mati deildarstjórnar og innan 75 % af virðingarverði eignanna og sjóða þeirra, og innan 90 % af verði bréfanna.
- Handveði i $5\frac{1}{2}$ % verðbréfum trygðum í hafna og bryggjufyrirtækjum. Vega og járnbrautafyrirtækjum — áveitu og stárbúnaðarfyrirtækjum o. s. frv., áhöldum, og áhöfnum er þeim fylgja, byrgðum þeirra og varasjóðum; vátrygðum í viðurkendum félögum, eða fáist þau eigi vátrygð þá með gagnábyrgðum og ábyrgðum — alt eftir mati deildarstjórnar og innan 75 % af virðingarverði og 90 % af nafnverði bréfanna.
- Handveði i 6 % verðbréfum, trygðum í fossa og námuþyrtækjum metnum til verðs af verkfræðingum og eftir reglum, sem deildarstjórn samþykkir svo og vélum, áhöldum og byrgðum, er þeim fylgja og sjóðum þeirra og varasjóðum — vátrygt í viðurkendum félögum eða gagnábyrgðum — alt að mati deildarstjórnar og innan 60 % af virðingarverði eignanna og 80 % af nafnverði bréfanna.
- Handveði i 6 % 1. Veðbréfum trygðum í hérlandum Patentum (hugvitssmiðum), bókaútgáfuréttindum, handritum, listaverkum allskonar metnum til verðs af sérfróðum mönnum og eftir reglum er deildarstjórn samþykkir, — vátrygð eða í gagnábyrgð o. s. frv. — innan 60 % af virðingarverði eignanna og 80 % af nafnverði bréfanna.
- Handveði i allskonar ábyrgðarskýrteinum félaga er þjóðb. hefir samþykt, svo og í laumum embættism. og annara manna, o. s. frv. alt eftir mati deildarstjórnar — þó ekki yfir 90 % af sannverði bréfanna.

6. 6 % Lán gegn handveði í gulli og dýrum málum, sömuleiðis gimsteinum, perlum og allskonar kjörgripum, er deildin getur tekið til varðveislu —alt eftir mati sérfröðra manna og deildarstjórnar, þó ekki yfir 80 % af matsverði. (Handveð það ekki rentuberandi).
7. Handveði í hlutabréfum eða eignarskýrteinum i isl. fyrirtækjum þeirra, er hafa reglugerð, reikningsfærslu og fyrirkomulag, er deildarstjórn viðurkennir — þó ekki yfir 70 % af nafnverði bréfanna.
8. Deild þessi hafi undirdeild (consortialdeild) og sjóð. Starf hennar aðallega fólgð í því gegn hundraðsluta eða borgun að stofnsetja fyrirtæki fyrir menn og leiðbeina þeim við stofnun fyrirtækja. Stofna ábyrgðar og gagnábyrgðarfélög fyrir einstaka menn eða opinberar stofnanir (sveita-, bæjarstjórna- og sýslufélög). Láta menn, er sérþekkingu hafa, ferðast um landið og benda eigendum réttinda að grasslétturnum og flóum, eða stórum beitilöndum, að hafnarstæðum, fossum, nánum og öðrum skilyrðum stórfyrirtækja-verðmæti eigna þeirra og setja þeim ráð til þess að hagnýta sér og landinu þau.

Hér aettu nú að koma reikningsáætlanir yfir hag af framanskráðri tillögu og yfirafleiðingar hennar á allan hag mannfélags okkar.

En bæði er það, að slíkar áætlanir eru viðfangsmiklar; og enda þótt grundvöllur máls þessa væri fastari en hann enn þá er, yrðu þar aldrei annað en áætlanir, er verða jafn mismunandi og skarpskygni þeirra manna er — sem þar gera — og svo líka hitt, að þær festu hugi manna of mikil við aukaatriði og gefa mónum, er fresta vilja málefnum með tímatoftum, vopn í hendur — orsök þess að ég að sinni sleppi þeim kafla.

Í þeirra stað kem ég með staðhæfingar, er fyrst um sinn rökstyðja sig sjálfar.

Með því að útbúa mál þetta rétt, þ. e. a. s. meðal annars, með því að sjá um, að menn þeir, er útbúa það, ekki hafi aðeins hinn sögulega og pólitiska rétt Íslands syrir augum, heldur einnig fjárhagslegan hag þeirra manna, er land þetta byggja framvegis. Með því að viðurkenna og bannfæra glámskygni þá og smásýni, er hingað til hafa gert þjóðfélag okkar að viðundri í fjármálum. Með því að hafa allan útbúnað og frágang þjóðbanka okkar og deilda hans og sjóða, svo greinilegan og undirhyggjulausan, að hver og einn geti, nær sem er, sannfært sig um ástand hans. Með því að hafa

14

hluttöku á réttum höndum og geymslufé á réttum stöðum. Með því að gera ránferðir nágranna okkar inná fjármála-, fiskiveiða- og atvinuugreinasvið okkar, að samvinnu, þar sem við erum ekki einfærir um að hagnýla auðsuppsprettur lands okkar. Með því að tryggja og útbúa verðbréf og skuldbindingar okkar á þann hátt, er Norðurálfukaupendur eru vanir við að hafa bréf sin útbúin á. Með því að ganga svo frá öllu, að allir sjái, að sú þjóðin eða þeir bankar og einstakir menn, er best kjör geta boðið okkur, eiga hægri aðgang að samvinnu við okkur um notkun auðsuppspretna lands okkar, en sú þjóð, bankar eða menn, er í verki fyrirlita okkur, fótumtroða rétt okkar til þess að njóta framleiðsluskilyrða lands okkar, o. s. frv. — Þá selst þessi 1. flokkur isl. þjóðrentu, er að framan er bent til, fyrir verð, er við erum vel sæmdir af og beint sparar okkur minst 20 milliónir ($\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{2}$ %) á flokkstimabilinu, samamborið við það ástand (Veðnbr. $4\frac{1}{2}$ % á 93) er nú er. Liggi í þjóðbónkum kaupenda næg og venjuleg sönnun þess að þessar 15 milljónir (eða það er við seljum af þeim) að 99 árum liðnum verði endurborgaðar með yfir 20 mill. kr. (afb. $\frac{1}{4}$ %) eða hundraðið á 137,5. — Að þær á flokkstimabilinu gefi eigendum 4 % ársverxi, þar sem þeir í sinu landi aðeins fá $2\frac{2}{3}$ til 3 % með samþkonar tryggingum eða verri (með vöxtum og vaxtvöxtum 240 m. í stað 180 m.). Viti þeir enn fremur, að tölverðu af lánsfé okkar verði stungið í atvinnugreinar er gefa 40 % ársarð (isl. trawlarar) eða ónot-að land, er hefir skilyrði fyrir að hundraðfaldast á skómmum tíma) o. fl. er hundraðfaldar lánsféð á lántimabilinu — og að þeir eigi hægan aðgang sem viðskiftavinir en þróngán ella, að samvinnu með okkur — þá seljast verðbréf okkar og það jafnvel þótt verðbréf Dana, sem menn af vanþekkingu sinni miða alt við hér á landi — seljist dræmt. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að engin framleiðsluatinnugrein Dana gefur 7 % ársarð — að miklu af lánsfé þeirra er varið til herbúnaðar smáþjóðar, sem vitanlega er á glæ kastað ef til hernaðar kemur og þá kostar jafnumikið að eyðileggja og sem smáþjóðin einnig verður að borga. — Þetta aðeins til þess að sýna, að það er óhyggilegt að hafa svo um fjárhag okkar búið að Danir verði fyrst að kaupa féð og selji okkur það síðan; sýna, að það er of dýrt að sækja fé og traust til þeirra, þar sem þeir með sínum bezta vilja — ekkert hafa af að miðla. Ílt bæði fyrir þá og

15

okkur, að við að óþörfu aukum fjármálabyrðar þeirra framvegis.

Estir að hafa átt tal við stjórnendur stórbanka þeirra, er mesta umsetningu hafa í Norðurlanda verðbréfum, um málefni þetta, — og þeir vandlega kynt sér alla fjárhagsafstöðu Islands, — þá hefi eg fulla ástæðu til þess að staðhæfa, að ef við breytum fjárhagsfyrirkomulagi og búum rétt út verðbréf okkar, þá spörum við beint við það $\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{2}\%$ ársvexti eða af 15 mill. kr. — 20 til 40 milljonir á flokkstimabilinu frá því ástandi er nú er. — Hvað ísland grædir við það, að fá fé til framkvæmda og traust og samvinnu, er efni i heila bók — sleppi að tala um það að sinni.

Staðhæfi aðeins, að sé ekki breytt til um fjárhagsfyrirkomulag okkar — og það gagngert og strax, þá er tilvera þjóðfélagsins okkar í veði — og einstaklinga þess. Ekki hvað sízt þeirra einstaklinga, er nú þykja og þykjast öruggir.

Og sé breytt til, svipað og að framan er tilbent, þá megum við eiga visa betri framtíð, en þá er liggur fyrir, ef haldið er út í núverandi ófæru.

Næst þessu vildi ég mega hreyfa lítið eitt við hinum algengu sjálfsgöðu mótbárum.

Fyrst er nú það persónulega — þetta sem hún Gróa á Leiti — hin krossaða og ókrossaða, venjulega hvíslar að náungunum — þessi nærrí því fullvissa um, að ég sé manndrápari, þjófur og lygari, drekki, dansi og duflí og fremji allskonar glæpi, — eftir því sem gásfur og hugrekki hverrar Gróunnar fyrir sig endist til — þess vegna sé vitlaust að breyta til um fjárhagsástand Islands. Einkum þó og sérlagi vitlaust af því, að ég, en ekki Gróa sjálf, stingi upp á því.

Bið þann er hittir Gróu, að heilsa henni, og segja — étt'ann sjálf.

Dugi það ekki, — þá að láta kerlingarfjandann vita, að þegar um alvarleg mál er að ræða, — þá veg ég, — ef með þarf — einnig með öðrum vopnum en þúurkerlingum og hundasvipum.

Næst þessu koma hinár algengu kreddur. Hið nýja fyrirkomulag yrði of dýrt og margbrotið.

Það er rétt, að fyrirkomulag það þarf á fleiri og kaupdýrari mönnum að halda og krefjast meiri ábyrgðar og vinnu af þeim, — en núverandi óstand gerir.

Í fyrsta lagi er það ekkert tap þótt laun mannfélaga okkar hækki, — eða þeim fjölgi er fá há laun — og fá að njóta krafta sinna. Í öðru lagi — er nóg af að taka, án þess nokkur annar mannfélagi biði tjón.

Það hneyxlar eðlilega margar smásálinir — að samvinnumenn okkar fara af bátakrilunum á trawlara og að óvalinn vélameistari þar, tekur sér hærri árslaun, en þeir hálauunuðstu stjórnarembættismenn fá — og formen, laun er slaga langt upp í laun sjálfss ráðherrans. En þótt það hneyxli, þá er það ekki tap.

Eða væri það ekki „skandali“ ef samvinnumenn okkar t. d. ræstuðu Suðurlandsflóana og sópuðu grasinu saman og hundraðfölduðu framleiðsluna með nútíma áhöldum — á svipaðan hátt og þeir með trawlurunum sópa þorskinum saman — og ef formenn þeirra starfa, taka árslaun er ekki gæfu árslaunum sjálfss biskupsins neitt eftir. — Jú hneyxli væri það náttúrlega, en tap væri það ekki kallað.

Og mundi ekki — það jafnvel hinum fram-sóknardjarfari þingmönnum — inst í hjarta vakna svipuð tilfinning eins og verið væri að troða þeim inn í flugvél — eða hinum gætnu stjórnarvöldum okkar finnast sem hamri gamla Pórs væri nauðgað i lúkur þeim, án þess þau sái nokkurt ráð til þess að losna við skaðræði það, eða vinna nokkuð annað en ógagn með því — ef landsfé og þjóðfélagssamvinna væri tekið, til þess að beizla fossa okkar og með þeim væri framleitt nægt fé — lika í landsjóð, svo að árslaun ráðherra, biskups og allra yfirvalda þessa lands margfölduðust. Þingmenn gæti komið heim af þingi með úttroðnar buddur handa sér og kjósendum, og flokkur löggjafanna gæti skifst á þúsundum króna, sem verðlaunum ærlegrar framleiðslu, í stað myntar þeirrar, er nú gengur þeirra á milli.

Slikar tillögur væru nú heldur en ekki „mannaþefur í helli“ náttrölla þjóðfélags okkar. Og næðu þau þeim er slikum hneyxum valda, klipi tanngarður þeirra, þótt fúnn sé. — Endáðlaust og duglaust eins og náttrölla er siður. Menn sigla brattari bárur en þær, sem slike hégiljur fá reist.

Já, dýrt yrði hið nýja fyrirkomulag — en tap fyrir þjóðfélagið yrði það ekki — jafnvel ekki fyrir „náttöllin“.

Of margbrotið!

Þeir sögðu það lika sumir, að það yrði of margbrotið og vandasamt, þegar sjómenn okk-

ar lögðu frá sér árina og tóku gufuvélina og mótorinn í þjónustu sina.

En samt heppnaðist það, þrátt fyrir það, að mannfélag þeirra og stjórn lands þeirra veittu þeim miklu minni aðstoð, en þeir áttu kröfur til að fá.

Jú, það er dálitið öðruvisi „margbrotið“ en gamla fyrirkomulagið — en ekki „margbrotnara“ en svo — að menn okkar „klára“ það, svipað eins og menn annara þjóðfélaga „klára“ svipað fyrirkomulag.

2. Við eignum enga menn, er komið gæti á stofn sliku bankafyrirkomulagi og stjórnað því.

Reynslan sýnir að þetta er ekki rétt. Ætið þegar okkar mönnum hafa verið veitt jöfn áhöld og afstaða og mönnum annara þjóðfel., til þess að aðla lifsskilyrða, þá hafa þeir í engu reynst lakari — oft fremri öðrum.

Þetta gildir ekki aðeins um alþýðu og leikmenn okkar, sem þrált fyrir vantandi mannfélagsstyrk, hafa í verkinu sýnt — að þeir sigla á við hvern er vera skal — trawla á við hvern sem vera skal, — vinna og reka alla iðn á við hvern sem vera skal, — en það gildir líka um hina svo nefndu lærðu menn og leiðtoga — er aðalsök eiga á ástandi því er nú skal breytt. — Ávalt þegar viðburðirnir eða sjálfir þeir — hafa hrist burtu af þeim dauðamók það, sem er eðlileg afleiðing úreltra lærðómskreddna, einhliða og þróngrar mannfélagstílveru, fátaktar og einstæðingskapar — að Hafnar salarryðinu ógleymuðu — þá hafa þeir sýnt, líka í verki, að meðal þeirra eru afburðamenn, er stýrt geta mannfélagsheildum og mannfélagsmálefnum engu síður en skipstjórar okkar trawlurum og gufuskipum sinum.

Enn yrði nú sú reynd, að sérþekkingu eða dugnað vanti á einu eða fleiri svíðum, þá er okkur engin minkun að því, að kaupa menn og sérþekkingu þeirra. Það er ólikt myndarlegra og borgar sig betur fyrir okkur, að menn þeir, er ausa upp auðsuppsprettur Íslands, standi í okkar þjónustu og geri það fyrir okkar hönd að meira eða minnu leyti, — heldur en eins og nú sér stað, að þeir viti varla, að við erum til, og við litið af þeim eða um þá (t. d. trawlarar útlendra manna, er fiska við strendur Íslands) eða þá, að þeir gerast húsbændur okkar og við þjónar þeirra (t. d. útlendir eigendur verzlunar, siglinga, sjávarútvegs og annara atvinnugreina lands okkar).

Mannfátt þarf okkur ekki að verða.

3. Svo mörg mikilsvarðandi málefni liggja

fyrir alþingi (þessu og öllum öðrum) að þingmönnum okkar vinst ekki timi til þess að sinna málí þessu eða ráða fram úr því.

Ekkert málefni hesir meiri þýðingu fyrir mannfélag okkar eða einstaklinga þess en þetta málefni. Og úr því að hreyfing er á það komin, verður almenningi eigi framvegis glapin sýn, svo að hann eigi sjái, hversu herfilega hann er leikinn með númerandi fyrirkomulagi og afleiðingum þess, þeim er fyrir dyrum eru. Þingmenn okkar og stjórnendur þjóðfélags okkar, eiga töluvert annað og meira á haettu en það, að missa umboð sín, — ef þeir auk meiri eða minni hlutdeilda í númerandi ástandi og sýnilegum afleiðingum þess, bæta því við, að þeir gera gys að þjóð sinni með því að bera fram jafn auðvirðilegar ástæður og þessa. Svar almennings — það að þá hafi þeir herrar heldur ekki tima til þess að lifa eða vera í þessu þjóðfélagi, liggur oss svo nærrí. Óþarft asnaspark í svikna alþýðu er heimska. Jafnvel í Rússlandi, þar sem alþýða er töluvert verr á vegi stödd en hér, spretta launvig og sprengivélar upp af því útsæði. Alþingismenn og stjórnendur okkar eru of samvirkusamir, til þess visvitandi að stofna sér eða öðrum í voða. Tímaleysis mótbáran mun því af engum þeirra tilfærð — eftir að þeir hafa átt að sig á mállefni.

4. Landslög og venjur — skoðanir ráðandi manna, séu því til fyrirstöðu, að málefni þetta nái fram að ganga á þann hátt, er að framan er bent til.

Ég neita að svo sé. En væri það, þá eru þau álög og óvenjur og skoðanir ráðandi manna glæpsamlegar. — Þegar slikt heftir framrás þjóðfélaga, verður það ætið fyr eða síðar að vikja. Þess meiri mótsprynu sem stýfla sú gerir — þess verri verða afdrif hennar.

5. Uppástungan sé árás á báða banka okkar og alla þeirra áhangendur og muni því vekja hina megnustu mótsprynu og sundrungu.

Sem betur fer, fær málefnið mótsprynu. Í sérhverju mannfélagi eru töluvert margir heimskir menn. Þar eru líka nokkrir menn, sem af illum leynihvötum þurfa, að sem flest fari aflaga. Líka menn sem lifa af óförum annara, þ. e. hákallar mannfélaganna, sem lifa á hræum, þeirra og líka samviskulaust éta alt lifandi ef þeir bara ná því. — Ég sé fyrir mér alla þessa mótsprynufylkingu. Sé og þekki bæði hana og einstaklinga hennar. Sé pólitisku Grournar, Smala-Gvendana, Grasa-Guddurnar, — háfana í lýð-

hyllisbúningnum, hámerarnar í þaendabuxunum og beinhákallana með yfirvaldssvipinn, hulda gamaldags fíkju, — flokks- og stjórnarblöðum og allkonar gatslitinni vandlætingu og yfirdreppsemi, gjótandi hornauga hver til annars, hvort eigi sé hægt að ná kjaftfylli úr náunganum, — hvæsandi af vonsku ef þeir halda að nýtt fyrirkomulag gefi þeim færri saðninga en það gamla.

En sannast að segja — þá er einstaklingum fylkingar þessarar bezt að hafa sig hæga. Blöðin og búningarnir sitja laust á þeim. Og þyrlist þau af, þá geta sjómenn okkar eða aðrir orðið svo hlálegir, að þeir taki þá i vörpu sina og skeri úr þeim lifrina.

Og fylkingin sjálf er jafn rög og ljósfaelin og hún er gráðug. Beri birtu á hana fer hún í felur. Og birtu skal hún fá eftir þörfum.

Mannfélag okkar er ennþá ekki orðið svo rotið, að i því sé aðeins hákarlar og hræ.

Pessi mótspryrna verður ekki málefni þessu að falli. Hennar mun gæta lítið eftir að hinir gætnari menn hafa átt að sig á því.

Hvað snertir árásina á bankana — þá er það rétt, að svo framarlega sem það er árás á gamalt hús, að rifa það niður til grunna og byggja annað nýtt og betra í staðinn, er árás á gamla húsið, — þá er tillaga mínn árás á þá. En fair munu neita því, að þörf sé að rifa það sem eftir er af því húsi og byggja það af nýju. Landsbankinn var í öndverðu stofnaður eftir tillögum útlends manns (Levi Þjóðbankastjóra Dana, sem þá hafði nýlega fengið hryggbrot hjá Íslendingum út af, [eftir að hans álti góðri] tillögu um að stofnað væri hér útibú frá Þjóðbanka Dana), og útlendrar stjórnar, sem hvorug þekkti og því síður bar traust til Þjóðfélags okkar. Íslendingar, sem stofnuðu Landsb. höfðu fylstu ástæðu til að vantreysta báðum. En þeir vantreystu líka sjálbum sér og framtíð Þjóðfélags sins. Á slikum grundvelli verður enginn banki bygður svo að gagn verði að. Hið fornkvæðna: „sáðu vantrausti og þú uppsker svik“, hefir aldrei rætst betur en hér. Bankinn er bygður upp af vantrausti og þar af leiðandi vanefnum og hefir því aldrei getað fullnægt neinum né neinu, — ekki einu sinni þeim allra ófróðustu mönnum um bankamál. Þetta, en ekki svo mjög ódugnaður, eða vanþekking, þeirra er bankanum hafa stjórnad — er orsök vanmáttar í gæzlu fjárhagslegs réttar og þarfa Þjóðfélags okkar. — Þetta er aðalorsök galla þeirra á fyrirkomulagi hans, sem menn nú almennt

sjá, — og sjá betur síðar, ef ekki breytist til batnaðar.

Landsbankinn er gamli opni báturinn — meingallaður og af vanefnum og vanþekkingu gerður frá byrjun, sem fyrir löngu átti að vikja fyrir nútíðaráhöldum. — Það er ranglætt að kenna formönnum hans það, þótt þeir eigi gæti kept við trollara nágrannnaþjóðanna, eða borið svipaðan hlut frá borði og þeir, eða þótt landhelgi sú, er þeir með sókn sinni helguðu Íslandi í fjármálum næði eigi út fyrir grásleppumiðin. Hitt gegnir furðu — og það mun andi Levis-Salamomans — eða hvað þeir heita hinir sáludu höfundar hans, einnig vera steinhissa á — að menn þessir eigi fyrir löngu hafa drepið sig sjálfa og samtið sínar með bolla þeim.

Einnmitt það, hvað menn þessir, sem nú er álasað um of, komust, — er sönnun þess, að fáum við mönnum okkar nútíðaráhöld hvað fjármál snertir, — þá vantar ekki menn til þess að færa landhelgistakmörk Þjóðfélags okkar út, bæði í beinum og óbeinum skilningi.

Það sem hér er sagt um Landsbankann má að mörgu leyti heimfæra á Íslandsbanka. Hann hvorki er né getur orðið annað en göttott bót á gömlu gati. Hann er til þess að halda líkingunni áfram — mótorbáturinn með vélina í óstandi, seglin vansköpuð og árarnar heima í nausti eða þá engar til.

Aðaleigendur hans vita jafnvel og ég hver afstaða hans er hér á landi. Þeir vita vel, hvað virkileg árás á hann hefði að þýða. — Þeir vita vel, að tillaga mínn er sú eina sæmilega leið til björgunar hagsmunum þeirra, sem farin verður, ef Þjóðfélag okkar vaknar til meðvitundar um styrk sinn og rétt. Og framkoma tillögu minnar mun þeim nægur vottur um að svo sé komið. Þeir eru gætnir og góðir menn, sem ekki vilja vinna sjálbum sér og okkur það tjón, er hlotist gæti af óþörfum og ótimabærum afslraumum. Þeir munu varla ráðast ógætilega á tillögur mínar. En að einhverjar undirtyllur þeirra skrækji upp, eða hin blinda ómynduga halarfóa er aftan í þeim hangir, slettist til — við því get ég búist.

En undirtyllur eru nú ekki annað en undirtyllur — þótt kamburinn á þeim sé forgyltur. Órg þeirra eða halaslettur drepa hvorki menn né málefni. Órg eða ólæti frá þeirra hálfu geta aðeins flýtt fyrir framgangi málsins.

Sannir vinir beggja banka og hagsmunu þeirra, munu að öllu yfirveguðu beint eða óbeint styðja málefni þetta. Málefnið er sem sé óhjá-

kvæmileg nauðsyn, sem nær framgangi fyrr eða síðar.

Að núverandi fjármálaástand Íslands, fyrirkomulag þess og stjórn þurfi umbóta við — því neitar vist enginn.

Að það hefti framför hins íslenzka þjóðfélags og einstaklinga þess, — að það sé orsök þess, að nálega hver maður i því lifir verra lifi en ella — orsök þess, að fjöldi manna flýr land sitt, eða missir dáð og dug, — orsök þess, að dug til umbóta vantar, — orsök þess, að þeir sem ekki komast héðan í betur skipuð mannfélög, verða undirlægjur þeirra útlendinga, er gera sig að eigenum lífsskilyrða Íslands, — orsök þess að haegt er að siga okkur saman til áfloga, meðan þeir, eða sendlar þeirra hirða það, er þeir vilja hafa af framleiðslu okkar eða ausa eftir velpóknan sinni úr auðsuppsprettum Íslands — en við sitjum hjá aflausir og efnalausir — og rifumst, þessu neita fáir.

En margir munu neita, að leið sú er ég legg til að farin verði, sé rétt leið, — eða að gagngerðra umbóta þurfi við nú þegar.

Þeir sem neita þessu skiftast aðallega í:

Flokk þeirra manna, er hafa persónulega hag af óstandinu, eða þá, sjálfrátt eða ósjálf-rátt, eru sendlar þeirra útlendinga, er nú sökum ástandsins sjúga kjarnann úr þjóðfélagi okkar. Bófar þjóðfélags okkar og þjónar þeirra.

Flokk letingja, er hata breytingar sökum ómaks, er þeim fylgir. Kansellistilistarnir, sem á þjóðfélagskostnað „álita ekki enn þá fyllilega og nægilega fullathugað og fullsannað — en aftur á hinn bóginn v. s. frv.“ sem allir kannast við.

Flokk þeirra manna, er eftir margra kynslóða sult og kúgun, hafa fengið að erfðum þróngsúni, heimsku og ragmensku. Menn, sem engum og engu treysta, sít af öllu sjálfum sér. Menn sem svíkja sjálfa sig og stela frá sjálfum sér. Forsjálnispostularnir með vantraustsbaggana, — núningsfyrirstaðan.

Og loks flokk samviskusamra manna — sem að visu hafa aflað sér nægrar þekkingar til rétts samanburðar á fjárhagsfyrirkomulagi Íslands og nágrannajþjóðfélaganna og sömuleiðis is kynt sér möguleika okkar til þess að undir eigin leiðsogn, á eigin ábyrgð og af eigin ramleik, að gera menn okkar jafnvel búna og þeirra menn til samkeppni eða samvinnu um tilveruskilyrði hér á landi. Menn, sem sjá þörfina á breytingum, en sjá önnur ráð til umbóta. Menn sem geta skilið mállefnið sjálft, frá göllum er

þeir finna á framsetningu minni. Göllum sem máske eru til svo að hagir menn komi smiðshoggum sinum að.

Sé það óhjákvæmilegt — þá skal ég leggja til hendri, til þess að flá belginn af nærgaðgulum einstaklingum hins fyrsta og annars flokks og láta þá á söfn okkar til fræðslu komandi kynslóðum.

Og það lítið afl, er ég ræð yfir, skal ég ekki spara til að yfirvinna „núnings-fyrirstöðuna.“ Jafnvel þótt mér væri kærara að hleypa vatnafli á hana.

En með ánægju skal ég taka aðfinslum eða óþókk hins fjórða flokks, og leggja krafta mína, það sem þeir ná, til samvinnu við þá. Ég er sannfærður um að við finnum samleið.

Það þarf að hreinsa fjárhagsóstandið burtu úr þjóðfélagi okkar. Visa þeim djöflum, er nú æra okkur og eyðileggja tilveru okkar, í burtu og í svínin. Gera það aður þen þeir hafa gert þjóðfélag okkar að algerðri svinasti og okkur alla að svinum.

Drepa þá með nútízku áhöldum, ef þeir ekki hlyða. Dauðir djöflar hefna hvorki né hata.

Reykjavík d. 7. júlí 1912

P. J. Torfason.

Háttvirti herra!

Sendi yður hér með Copy af „uppkasti“
til tillögu um stofnun Þjóðbanka Íslands.

Bið það endursent með tillögum um breyt-
ingar þær, er þér áskiljið að gerðar séu, ef
málefnið ætti að ná stuðning yðar þegar það
kemur fram opinberlega.

Viljið þér ekkert við málefnið eiga, bið ég
yður samt endursenda mér uppkastið. — Það
er sent í trúnaði málsmetandi mönnum til um-
sagnar og verður eftir tillögum þeirra breytt áð-
ur en það kemur fram opinberlega.

Virðingarfyllst

Rvik d. 12—7. '12

P. J. *Torðason.*